

Mánudaginn 9. desember 1996.

Nr. 439/1996.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Lahouari Sadok

(Brynjar Níelsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, b-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 1996, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 13. desember nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru á hendur varnaraðila 5. desember sl. vegna brots á 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Varnaraðili er erlendur ríkisborgari. Með hliðsjón af eðli sakargifta á hendur honum verður fallist á það með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Er þá ekki þörf á að leysa sérstaklega úr því, hvort einnig séu skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi samkvæmt 2. mgr. 103. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 4. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103.

gr. laga nr. 19/1991 og b-liðar 1. mgr. 103. gr. sömu laga, að Lahouari Sadok, fæddum 13. júlí 1967, búsettum í Maastricht í Hollandi, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rann út kl. 16 í dag, allt til laugardags 14. desember nk. kl. 16.

Priðjudaginn 12. nóvember sl. handtók lögreglan kærða og þrjá Íslendinga við hús eitt í Kópavogi, en kærði var þá nýkominn frá Lúxemborg. Við leit í farangri kærða fundust fíkniefni, sem falin höfðu verið í myndaramma. Reyndist vera um að ræða 964 töflur af efninu ecstasy MDMA og 58,1 gramm af kókaíni. Í þágu rannsóknar málsins var kærða með úrskurði, upp kveðnum 13. nóvember sl., gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag.

Kærði hefur við yfirheyrslur staðfastlega neitað að hafa vitað, að í farangri sínum hafi verið fíkniefni. Hann hafi að vísu fengið greidd 1.500 hollensk gyllini sem þóknun fyrir að flytja myndina til landsins, en megintilgangur hans með ferðinni hingað til lands hafi verið viðskiptalegs eðlis. Vitað er, að kærði kom til landsins í septembermánuði sl.

Íslendingunum, sem handteknir voru um leið og kærði, var öllum gert að sæta gæsluvarðhaldi, en hafa nú verið látnir lausir. Ekkert hefur verið leitt í ljós um refsiverða aðild þeirra að málinu.

Með bréfi, dagsettu í dag, sendi lögreglustjórinn í Reykjavík ríkissaksóknara rannsóknargögn málsins til meðferðar. Fram kemur í greinargerð lögreglu, að embætti ríkissaksóknara muni á næstu dögum gefa út ákæru á hendur kærða fyrir stórfelldan innflutning fíkniefna. Sé gæsluvarðhaldskrafan miðuð við, að unnt verði að kveða upp dóm í málinu eigi síðar en í lok næstu viku.

Líklegt þykir, að kærði muni verða ákærður fyrir brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni. Með vísan til þess, sem að framan greinir, og skírskotun til 2. mgr. 103. gr. svo og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður gæsluvarðhaldskrafan tekin til greina, þó þannig, að kærða verður eigi gert að sæta gæsluvarðhaldi lengur en til föstudags 13. desember nk. kl. 16.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Lahouari Sadok, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rann út kl. 16 í dag, þó eigi lengur en til föstudags 13. desember nk. kl. 16.